

ÁTTAVITI TIL ÁRANGURS



Málefнасáttmáli Sjálfstæðisflokksins og
Framsóknarflokksins í Kópavogi 2022-2026

Áttaviti til árangurs

Samstarf Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks byggir á því að gera öflugt samfélag enn betra. Leiðarstef okkar er að Kópavogur verði áfram farsælt bæjarfélag í fremstu röð.

Við ætlum að byggja upp kröftugt samfélag með auknu samráði, bættu upplýsingaflæði og hlusta á sjónarmið bæjarbúa. Það er hlutverk sveitarfélaga að þjónusta íbúa en ekki öfugt. Við ætlum að tryggja að Kópavogur verði leiðandi í stafrænni vegferð og þjónustu. Við komum fram með nýjar og ferskar hugmyndir og munum láta verkin tala.

Undir okkar stjórn verður áfram staðið vörð um traustan rekstur enda forsenda þess að unnt sé að veita sveigjanlega og framúrskarandi þjónustu sem mætir þörfum íbúa. Mikilvægt er að fjárfesting innviða haldist í hendur við þróun hverfa og íbúafjölda. Frekari skuldsetningu bæjarins verður stillt í hóf og lán eingöngu tekin til fjármögnunar brýnna og arðbærra verkefna. Leitað verður leiða til að fylgja fjármagni bæjarins betur eftir þannig að rými skapist til að lækka álögur og tryggja áframhaldandi uppbyggingu innviða.

Það er mikilvægt að vanda vel til verka þegar kemur að skipulags-, samgöngu- og umhverfismálum við uppbyggingu næstu ára og áratuga. Þétting byggðar, vistvænir ferðamátar, greið og skilvirk umferð og virðing gagnvart umhverfinu leika þar lykilhlutverk. Við ætlum að vanda sérstaklega kynningu, samtal og samráð við íbúa á fyrstu stigum skipulagsgerðar á þéttingarreitum og nýjum hverfum.

Góð menntun gegnir lykilhlutverki í samfélagi okkar. Við setjum markið hátt í menntamálum til að tryggja bjarta framtíð fyrir börnin okkar. Við ætlum að leggja ríka áherslu á að skólar í Kópavogi verði áfram í fremstu röð með áframhaldandi framþróun á sviði tækni og nýsköpunar. Við ætlum að svara ákalli foreldra um að brúa bilið frá því fæðingarorlofi lýkur og þar til börn fá leikskólavist og bjóða foreldrum raunverulegt val um heimgreiðslu, dagvistun og leikskóla.

Kópavogur er leiðandi í íþrótt- og æskulýðsmálum og verður áfram undir okkar stjórn. Við ætlum að tryggja framúrskarandi samfélag þegar horft er til aðstöðu til hreyfingar í nærumhverfi bæjarbúa og tryggja viðhald og uppbyggingu innviða samfara fjölgun bæjabúa.

Velferðarmál tryggja grundvallarmannréttindi og skipta sköpum fyrir lífsgæði fólks, fjölskyldur þeirra og samfélagið allt. Bætt velferð allra íbúa Kópavogs er forgangsmál. Eldri bæjarbúar er ört vaxandi og fjölbreyttur hópur með ólíkar þarfir og við leggjum ríka áherslu á að veita góða þjónustu í samræmi við þarfir þeirra. Eldri bæjarbúar eiga skilið að fá að eldast með reisn í bænum okkar.

Listir, menning og blómlegt mannlíf gera góðan bæ enn betri og spilar lykilhlutverk í því að búa til fallegan bæjarbrag sem eykur ímynd og hróður Kópavogs, og gerir hann eftirsóknarverðan stað til að búa á. Við leggjum áherslu á aukið aðgengi allra bæjarbúa að viðburðum og ætlum að stuðla að fjölbreyttu menningarstarfi í bænum.

Lýðræðislegt samfélag byggir á þeim grunni að allir skuli vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til aldurs, kynferðis, kynhneigðar, kynþáttar, trúarbragða, stjórnmalaskoðana, efnahags, ætternis, fötlunar, sjúkdóma eða annarrar stöðu. Við ætlum að standa vörð um möguleika bæjarbúa af erlendum uppruna til að vera virkir þátttakendur í samfélaginu og koma til móts við þarfir þeirra.

Áttavita til árangurs er að finna í þessum sáttmála þar sem settar eru fram átta megin áherslur og þau verkefni sem við ætlum að setja í forgang á kjörtímabilinu. Verkefnin er lögð fram af skynsemi og ábyrgð og við lofum því að bæjarbúar geta fylgst með framgangi þeirra á kjörtímabilinu.

Ásdís Kristjánsdóttir
oddviti Sjálfstæðisflokksins

Orri Vignir Hlöðversson
oddviti Framsóknarflokksins

1 Góður rekstur

Ábyrgur og traustur rekstur er forsenda þess að unnt sé að veita sveigjanlega og framúrskarandi þjónustu sem mætir þörfum íbúa. Undanfarin ár hefur aðhalds verið gætt í rekstri bæjarins og skuldir nánast staðið í stað. Gjöldum og álögum á heimili og fyrirtæki er stillt í hóf og þannig verður það áfram. Mikilvægt er að fjárfesting innviða haldist í hendur við þróun hverfa og íbúafjölda. Leitað verður leiða til að fylgja fjármagni bæjarins betur eftir þannig að rými skapist til að lækka álögur og tryggja áframhaldandi uppbyggingu innviða.

Verkefnin sem við stöndum saman að:

- Gæta áfram aðhalds í rekstri bæjarins til að tryggja að til staðar sé svigrúm til að fjármagna grunnþjónustu bæjarins.
- Auka gagnsæi í rekstri bæjarins með verkefninu *Hvað fáum við fyrir peningana?*
- Fylgja fjármagni bæjarins betur eftir með markvissu endurmati útgjalda.
- Innkaupastefna bæjarins verður vöktuð með aukinni samþættingu innkaupa.
- Fasteignaskattar munu lækka.
- Öðrum álögum og gjöldum verður stillt í hóf.
- Skapa svigrúm til framkvæmda án skuldasöfnunar.
- Gerð verður aðgerðaáætlun um endurnýjun og viðhald mannvirkja bæjarins.
- Frekari skuldsetningu bæjarins verður stillt í hóf og lán eingöngu tekin til fjármögnunar arðbærra verkefna.
- Áfram verður sérstök áhersla lögð á öfluga vöktun lánskjara bæjarins m.t.t. til bestu kjara hverju sinni.

2 Leiðandi bæjarfélag

Kópavogur er bæjarfélag í fremstu röð og hefur alla burði til að vera leiðandi sem nútímalegur bær. Við ætlum að byggja upp kröftugt samfélag með því að auka samráð, bæta upplýsingaflæði og hlusta á sjónarmið bæjarbúa. Tækifæri eru til að bæta þjónustu við íbúa og fyrirtækin í bænum með stafrænum lausnum sem spara sporin, tíma og fjármagn. Kópavogsbær á að vera leiðandi í stafrænni vegferð og í fararbroddi þegar kemur að því að innleiða nýjungar. Við ætlum að vera bærinn sem hugsar í framtíð og er tilbúinn þegar hún kemur.

Verkefnin sem við stöndum saman að:

- Bæta upplýsingaflæði til íbúa. Við ætlum að bæta þjónustu bæjarins með tæknilausnum sem spara bæði tíma og fjármuni fyrir íbúa og bæjarfélagið sjálft. Tryggja þarf að upplýsingum sé komið á framfæri til allra hópa samfélagsins.
- Við viljum virkja fólk á öllum aldri til þátttöku og fá þeirra sýn á framtíðar bæinn Kópavog með útvíkkun verkefnisins „Okkar Kópavogur“.
- Auka samtal við bæjarbúa. Bæjarstjóri og formaður bæjarráðs ætla að vera sýnileg á kjörtímabilinu og bjóða reglulega upp á óformlega fundi.
- Fjárfesta í Kópavogsappi. Í smáforritinu geta íbúar fylgst með því sem fram fer í bænum, haft aðgang að nauðsynlegum upplýsingum og átt í gagnvirku samtali við bæinn sinn.
- Fjölbreytt fyrirtæki sem skapa verðmæt störf eiga heima í Kópavogi. Við viljum skoða uppbyggingu nýsköpunarseturs Kópavogs í vestur- eða austurbæ Kópavogs. Auk þess sem við ætlum að skoða hátækniklasamyndun í efri byggðum. Við viljum einnig efla samstarf við háskólana.
- Stofnað verður sérstakt ráð sem leiða mun vinnu við að framfylgja þeim verkefnum sem ráðið verður í til að efla samráð og samskipti við bæjarbúa.

3 Framsæknir skólar og raunhæfar lausnir

Góð menntun gegnir lykilhlutverki í samfélagi okkar. Mikilvægt er að mæta þeim áskorunum sem felast í fjölgun ungra barna í bænum okkar og vöntun á vistunar-úrræðum. Við viljum að foreldrar hafi raunverulegt val um heimgreiðslu, dagvistun og leikskóla. Til að tryggja að skólar í Kópavogi verði áfram í fremstu röð þarf að tryggja áframhaldandi framþróun á sviði tækni og nýsköpunar. Mikilvægt er að tryggja faglegt og rekstrarlegt sjálfstæði leik- og grunnskóla sem eykur gæði náms og starfsánægju skólasamfélagsins.

Verkefnin sem við stöndum saman að:

- Tryggja eftirsóknarvert vinnuumhverfi í skólum bæjarins með bættri aðstöðu og umhverfi.
- Auka sjálfstæði leik- og grunnskóla í rekstri og tryggja rekstrarlegt og faglegt sjálfstæði.
- Samræma starfsumhverfi leik- og grunnskóla með því að skilgreina leikskólastarf og dagvistun.
- Styðja við fjölbreytt rekstrarform leik- og grunnskóla.
- Koma upp aðstöðu fyrir dagforeldra á gæsluvöllum þar sem þörfin er mest.
- Heimgreiðslur til foreldra verða raunhæfur valkostur.
- Kópavogur verður áfram í fararbroddi í framsýnu skólastarfi og tryggt áframhaldandi þróun í stafrænni tækni og fjölbreyttum hug- og vélbúnað. Með því bætum við gæði náms- og starfsumhverfi nemenda og kennara.
- Endurskoða stimpilklukku/vinnustund í núverandi mynd til einföldunar fyrir starfsmenn og stjórnendur bæjarins.
- Gera áætlun og efla fræðslu til nemenda og foreldra í tengslum við andlega heilsu og forvarnir, sérstaklega þarf að huga að líðan í kjölfar covid-faraldursins.

4 Bær nýrra tækifæra í skipulagi, samgöngum og umhverfismálum

Kópavogur mun vaxa mikið á næstu áratugum og mikilvægt að vanda vel til verka þegar kemur að skipulags-, samgöngu- og umhverfismálum. Þétting byggðar, vist-vænir ferðamátar, greið og skilvirk umferð og virðing gagnvart umhverfinu leika þar lykilhlutverk.

Unnið var að nýju Aðalskipulagi Kópavogs 2019 -2040 á liðnu kjörtímabili sem var endanlega staðfest í desember 2021. Hið nýja aðalskipulag var unnið með hliðsjón af *Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun*.

Markmiðið er að gera Kópavog að fjölbreyttum og hlýlegum fjölskyldubæ.

Verkefnin sem við stöndum saman að:

- Leita skal nýrra leiða við kynningu á skipulagsáformum. Sérstaklega verður rík áhersla lögð á kynningu, aukið samtal og samráð við íbúa á fyrstu stigum skipulagsgerðar á þéttingarreitum og nýjum hverfum.
- Tryggja að fjárfesting í innviðum haldist í hendur við fjölgun íbúa í tengslum við alla uppbyggingu, hvort sem er í skólum, samgöngum eða öðrum innviðum.
- Hefja nú þegar endurskoðun deiliskipulags Vatnsendahlíðar.
- Endurskoða skipulag Vatnsenda og leggja áherslu á aukna þjónustu og verslun í efri byggðum.
- Úthluta lóðum fyrir sérbýli jafnt sem fjölbýli með áherslu á græn og sjálfbær hverfi þar sem bæjarbúar geta mætt sem mestu af sínum daglegu þörfum í göngufæri frá heimilum sínum.
- Skoða tækifæri til uppbyggingar íbúakjarna eldra fólks.
- Hefja strax vinnu við að koma Reykjanesbraut í stökk á grundvelli verðlaunatillögu um þverun Reykjanesbrautarinnar í Kópavogi.

4. Bær nýrra tækifæra í skipulagi, samgöngum og umhverfismálum

- Huga sérstaklega að grænum og opnum svæðum í skipulagi m.a. í Kópavogsdal og gróðursetja á þeim svæðum á markvissan hátt.
- Stuðla að skilvirku skipulagsferli þar sem gagnsæi og vönduð vinnubrögð eru höfð að leiðarljósi. Skilvirkt skipulagsferli innan stjórnsýslunnar lækkar byggingakostnað og stuðlar að lægra fasteignaverði.
- Klára framtíðarsýn og efna til hugmyndasamkeppni um Kópavogsgjána og nærliggjandi svæði þar sem m.a. er horft til möguleika á göngum í gegnum Kópavogsháls.
- Endurskoða húsnaðisstefnu Kópavogs þar sem horft verður til þess að skapa svigrúm fyrir óhagnaðardrífni byggingarfélög, hlutdeildarlánshæfar íbúðir og byggingu námsmannaíbúða.
- Vinna áfram að uppbyggingu félagslegra íbúða í Kópavogi.
- Huga að flutningi Sorpu af Dalvegi. Áhersla verður lögð á eflingu grenndargerða.
- Vinna að framtíðarsýn um uppland Kópavogs.
- Auka nýtingu tækni, gervigreindar, snjalllausna o.fl. í samgöngumálum til að bæta flæði umferðar og auka öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda.
- Taka þátt í orkuskiptum af fullum krafti með fræðslu um grænan lífsstíl og stuðla að uppbyggingu hleðslustöðva við helstu stofnanir bæjarins.
- Auka merkingar göngu-, hlaupa- og hjólastíga og fara í markvissa herferð við að merkja áhugaverða staði sem hafa sögu að segja.
- Tryggja að hverfi Kópavogs verði vistvænni með markvissu viðhaldi og uppbyggingu á götum og stígakerfi. Huga að sérstaklega að upphitun, lýsingu og aðskilnaði göngu- og hjólastíga.
- Tryggja innviði sem styrkja notkun deilíbíla og -hjóla.
- Koma reglubundnum mælingum á mengun og hljóðvist með nákvæmari hætti og koma með mótvægisáðgerðir í kjölfarið. Einnig skal reglulegt loftgæðaeftirlit vera innan stofnanna bæjarins.

4. Bær nýrra tækifæra í skipulagi, samgöngum og umhverfismálum

- Setja loftslagsstefnu og innleiða hana með kraftmiklum hætti.
- Tryggja að Kópavogur verði virkur þátttakandi við eflingu hringrásar hagkerfisins og í vinnu við samræmda sorpflokkun í samvinnu við önnur sveitarfélög höfuðborgarsvæðisins.
- Standa vörð um hagsmuni Kópavogs hvað varðar uppbyggingu og áform samgangna á höfuðborgarsvæðinu.
- Kanna möguleika þess að setja upp skautasvell og jólaþorp í Kópavogi
- Breyta ásýnd Kópavogshafnar með uppbyggingu yndishafnar og fjölbreyttrar afþreyingar á svæðinu fyrir íbúa Kópavogs.
- Stórátak í umhverfismálum í samvinnu við atvinnulífið, m.a. með fræðslu og umhverfissvænum innkaupum. Kópavogur höfði til fyrirtækja sem eru á umhverfissvænni vegferð.
- Stefna að því að Kópavogur verði pappírslaust sveitarfélag – fyrst allra sveitarfélaga á Íslandi.

5 Bætt velferð allra

Velferðarmál tryggja grundvallarmannréttindi og skipta sköpum fyrir lífsgæði fólks, fjölskyldur þeirra og samfélagið allt. Bætt velferð allra íbúa Kópavogs er forgangsmál. Við viljum gera öllum íbúum bæjarins kleift að taka virkan þátt í samfélaginu. Eldri bæjarbúar er ört vaxandi og fjölbreyttur hópur með ólíkar þarfir sem mikilvægt er að veita góða þjónustu í samræmi við þeirra þarfir. Eldri bæjarbúar eiga skilið að fá að eldast með reisn í bænum okkar.

Verkefnin sem við stöndum saman að:

- Útvíkka og styðja við verkefnið „Virkni og vellíðan“ sem miðar að því að styrkja líkamlega, andlega og félagslega heilsu eldri bæjarbúa. Mikilvægt er að verkefnið nái til stærri hóps þannig að fleiri fái tækifæri til heilsueflingar allt árið um kring.
- Auka markvisst félagsstarf eldra fólks. Með það að markmiði að draga úr einmanaleika, viðhalda heilbrigði, færni og sjálfstæði sem lengst.
- Nýta velferðartæknina markvisst í þjónustu við íbúa
- Tryggja að eldra fólk sem vill og getur búið heima hafi val um slíkt með réttum stuðningi.
- Byggja upp lífsgæðakjarna fyrir eldri bæjarbúa þar sem heimili og þjónusta fer saman.
- Stuðla að samþættingu heimaþjónustu og heimahjúkrunar, sem skilar sér í betri þjónustu og bættri líðan hjá eldra fólki.
- Efla forvarnir og lýðheilsu eldra fólks með því að bæta aðgengi að líkamsrækt í tengingu við félagsmiðstöðvar
- „Rampa upp“ Kópavog til að tryggja öllum, óháð fötlun, jafnt aðgengi að öllum stofnunum bæjarins.
- Við viljum fjölga leiktækjum fyrir börn með fötlun á skólalóðum og opnum svæðum.
- Við ætlum að hefja vinnu við áætlun um atvinnupátttöku einstaklinga með skerta starfsgetu hjá stofnunum bæjarins.
- Auka aðgengi að dagþjálfunarrýmum

6 Lýðheilsa og íþróttir

Kópavogur er og verður áfram leiðandi í íþrótt- og æskulýðsmálum. Við ætlum að stuðla að því að Kópavogur verði áfram í fararbroddi þegar horft er til lýðheilsu og þeim möguleikum sem bæjarbúar hafa til stunda íþróttar og tómstundastarf. Viðhald og uppbyggingu innviða verður í samræmi við íbúðapróun hverju sinni og við ætlum að halda áfram að þróast og styðja við bæjarbúa með lýðheilsu-sjónarmið að leiðarljósi.

Verkefnin sem við stöndum saman að:

- Vinna aðgerðaáætlun um endurnýjun og viðhald íþróttamannvirkja í samstarfi við íþróttafélögin.
- Börnum 5-6 ára verður tryggt gjaldfrjálst að einni íþrótt eða tómstund.
- Frístundastyrkur barna og ungmenna á aldrinum 7-18 ára hækkar í 70.000 krónur á kjörtímabilinu.
- Útvíkka frístundastyrkinn þannig að hann nýtist einnig á sumarnámskeiðum barna.
- Við viljum að frístundastyrkurinn nýtist til almennrar heilsueflingar ungmenna en sé ekki takmarkaður eins og nú er.
- Styrkja samskipti og boðleiðir milli íþrótt- og tómstundafélaga og bæjarins.
- Hefja hönnun á nýju íþróttahúsi fyrir Kársnesskóla.
- Skoða möguleika á fjarþjónustu í lýðheilsu- og íþróttumálum til að bæta líðan bæjarbúa sem standa höllum fæti.
- Taka til skoðunar að bæta félagsaðstöðu fyrir félagsmenn Gerplu.
- Efla tómstundastarf í efri byggðum, tónlistarskólann og skátastarf.
- Eiga samstarf við GKG um framtíðaruppbyggingu.
- Hefja framkvæmdir á keppnissvæði HK.

6. Lýðheilsa og íþróttir

- Veita starfsmönnum Kópavogsbæjar frítt í sund í sundlaugum Kópavogs.
- Hefja uppbyggingu á æfingasvæði Breiðabliks í samræmi við fjölgun íbúa.
- Stuðningur við frekari uppbyggingu fyrir hestamenn.
- Sett verið upp lýsing á Kópavogsvelli sem uppfyllir alþjóðlegar kröfur.
- Taka þátt í áframhaldandi uppbyggingu í Bláfjöllum í samvinnu við nágrannasveitarfélög.
- Kanna möguleika á að halda alþjóðlegt íþróttamót fyrir börn.
- Kanna möguleika á uppbyggingu íþróttamenntaskóla
- Tryggja börnum og ungmennum aðgengi að ráðlögðum dagskammti af ávöxtum og grænmeti í grunnskólum Kópavogs.

7 Mannlíf, menning og listir – lifandi mannlíf

Listir, menning og blómlegt mannlíf gera góðan bæ enn betri. Auðugt lista og menningarlíf veitir innblástur og stækkar sjóndeildarhringinn. Menning og listalíf spilar lykilhlutverk í því að búa til fallegan bæjarbrag sem eykur ímynd og hróður Kópavogs og gerir hann eftirsóknarverðari stað til að búa á. Við leggjum áherslu á aukið aðgengi allra bæjarbúa að viðburðum og ætlum að stuðla að fjölbreyttu menningarstarfi í öllum hverfum bæjarins. Við ætlum að færa menninguna nær fólkinu og njóta þess sem listafólk Kópavogs hefur upp á að bjóða.

Verkefnin sem við stöndum saman að:

- Skoða þörf og áhuga Kópavogsbúa á menningarávísun. með það að markmiði að hvetja bæjarbúa til að stunda eigin menningarhús.
- Stuðla að því að menningakjarnar verði starfræktir í efri byggðum samhliða þungamiðju starfseminnar í menningarhúsunum við Hamraborg, MEKÓ.
- Efla menningarlæsi barna og ungmenna í samstarfi við leik- og grunnskóla með því að vinna markvisst í fræðslu barna og ungmenna og skapa frjóan jarðveg fyrir listræna og skapandi hugsun.
- Færa listina nær fólkinu með því að fjölga útilistaverkum í bænum – dreifa þeim vítt og breitt og fegra í leiðinni bæinn okkar.
- Kanna möguleika að útbúa lystigarð við menningarhús bæjarins
- Efla lista- og menningarhátíðir í bænum. Hvetja til hverfahátíða þannig að íbúar kynnist og samheldni aukist. Við viljum stuðla að nýtingu opinna svæða í auknum mæli og ýta undir fjölskylduvæna viðburði allan ársins hring.
- Laða til okkar alþjóðlega viðburði sem efla mannlífið og styðja undir ímynd Kópavogs sem lista, menningar- og mannlífisbæjar. Við viljum aukið samstarf við fyrirtækin í bænum og vinna með þeim að því að fá áhugavert listafólk og viðburði til bæjarins.
- Stuðla að aukinni samvinnu menningarhúsanna, til dæmis með því að samræma opnunartíma MEKÓ í takt við þarfir íbúanna og einfalda skilaboðin út á við.

8 Jafnréttis-, mannréttinda- og fjölmenningsarmál

Kópavogsbær tryggir lífsgæði íbúa. Með því að stuðla að jafnrétti er lagður grunnur að velferð einstaklinga og samfélagsins í heild. Lýðræðislegt samfélag byggir á þeim grunni að allir skuli vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til aldurs, kynferðis, kynhneigðar, kynþáttar, trúarbragða, stjórnmálaskoðana, efnahags, ætternis, fötlunar, sjúkdóma eða annarrar stöðu. Við ætlum að standa vörð um möguleika bæjarbúa af erlendum uppruna til að vera virkir þátttakendur í samfélaginu og koma til móts við þarfir þeirra. Samfélagið í Kópavogi er fjölmenningsarlegt og mannlífið fjölbreytilegt. Íbúarnir eiga sér ólíkan uppruna og menningararfur þeirra er mismunandi. Í þessum fjölbreytileika felst mannauður sem ber að nýta og hann verður ekki nýttur nema að hver og einn geti lagt sitt af mörkum til samfélagsins.

Verkefnin sem við stöndum saman að:

- Klára nýja jafnréttisáætlun á kjörtímabilinu.
- Mynda skal nýtt ráð innan stjórnsýslu bæjarins, Fjölmenningsráð, sem heyrir undir bæjarstjórn. Hlutverk ráðsins er meðal annars að skapa vettvang fyrir fólk af erlendum uppruna til að koma skoðunum sínum og tillögum á framfæri við viðeigandi aðila.
- Upplýsingagjöf frá bænum og stofnunum þess skal vera veitt á ensku og jafnvel fleiri tungumálum.
- Klára skal þýðingu vefsíðu Kópavogs á ensku og opna möguleika fyrir þýðingu á fleiri tungumálum.
- Auglýsingar um ákvarðanatöku bæjarins og íbúalýðræði, t.d. íbúafundi varðandi skipulag, skulu vera á fleiri tungumálum en einungis íslensku.
- Starfsmönnum Kópavogsbæjar sem tala litla eða enga íslensku verða veitt tækifæri til að sækja námskeið í íslensku sem annað mál. Jafnframt er mikilvægt að aukin áhersla verði á íslenskukennslu fyrir börn innflytjenda þannig að þau aðlagist samfélaginu fljótt og örugglega

8. Jafnréttis-, mannréttinda- og fjölmeningarmál

- Vinna skal að einföldun á ferlum og umsóknum innan stjórnsýslu bæjarins á kjörtímabilinu. Aðgengi að þeim skal fást á fleiri tungumálum en íslensku.
- Kópavogur skal ávallt kaupa þjónustu af aðilum sem veita starfsmönnum mannúðleg starfsskilyrði.
- Búa skal til aðlögunar- og inngildingarferli fyrir fólk af erlendum uppruna.
- Klára skal vinnu við nýja stefnu í málefnum útlendinga.

Kópavogur 26. maí 2022

Bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins,
Ásdís Kristjánsdóttir
Hjördís Ýr Johnson
Andri Steinn Hilmarsson
Hannes Steindórsson
Elísabet Sveinsdóttir, varabæjarfulltrúi

Bæjarfulltrúar Framsóknarflokksins,
Orri Vignir Hlöðversson
Sigrún Hulda Jónsdóttir
Björg Baldursdóttir, varabæjarfulltrúi